

# Fundargerð í Rallýráði AKÍS

Fundur haldinn 31. maí 2021 á Zoom kl. 19.30

Mættir Baldur Haraldsson BS, Tryggvi M Þórðarson KK, Aðalsteinn Símonarson BÍKR.

Garðar Gunnarsson AIFS

---

## 1. Reglubreyting – gesta aðstoðarökumaður

Fyrir liggur tillaga um að bæta nýrri grein inn í keppnisgreinareglurnar um rallý.

3.2.3.a Í hverri keppni er keppnishaldara heimilt, með leyfi dómnefndar og öryggisfulltrúa, að leyfa annan aðstoðarökumann á einni sérleið, svokallaðan gesta aðstoðarökumann.

3.2.3.a.i Gesta aðstoðarökumaður skal lúta öllum sömu reglum um öryggisbúnað og framkomu eins og aðrir í áhöfn ökutækis.

3.2.3.a.ii Keppnishaldari skal að minnsta kosti þremur dögum fyrir ræsingu fyrsta bíls gefa út tilkynningu á upplýsingatöflu keppninnar á hvaða sérleið gesta aðstoðarökumaður verður leyfður.

3.2.3.a.iii Keppnishaldari skal hafa skriflegar upplýsingar um nöfn og kennitölur gesta aðstoðarökumanna, ásamt í hvaða ökutæki þeir munu verða

3.2.3.a.iv Í sérreglum keppninnar skal kveða nánar á um fyrirkomulag við skipti á aðstoðarökumönnum, svo sem hvar það er heimilt og hvort viðkomandi sérleið telur til úrslita í keppninni.

Tillagan var samþykkt og AS falið að koma henni hið fyrsta til Regluráðs AKÍS til staðfestingar.

## 2. Öryggisbúnaður

Ekki mikil mæting á opinn fund í síðustu viku en umræður góðar.

Þar var farið yfir að kröfur til öryggisbúnaðar verði skýrðar á næstu mánuðum og miðað við að taki gildi fyrir næsta tímabil.

Kom fram tillaga um að skrá niður í fyrstu keppni hvaða búnaður er í notkun. Samþykkt að reyna þetta og leggja áherslu á stóla, belti, galla og hjálma.

## 3. Önnur mál:

Staða varðandi 15 ára ökumenn – AKÍS er að vinna í að fá staðfestingu frá Dómsmálaráðuneyti eða lögreglu á að þeim verði heimil þátttaka. AS þrýstir á að niðurstaða fái sem fyrst.

Fundi slitið kl. 20.40

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Símonarson